

heimfæra undir 134. sbr. 145. grein hinna almennu hegningarlaga, sbr. 34. gr. 1. mgr. og ennfremur undir 253. gr. sömu laga. Þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið með tilliti til þess hve lengi ákærður sat í gæzluvarðhaldi, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 16 mánuði. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talinn kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óparfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. apríl 1934.

Nr. 14/1934. **Lárus Jóhannesson, f. h. Guðmundar Þórarinssonar** (sjálfur)

gegn

Guðbrandi Magnússyni, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins, og Ásgeiri Ásgeirssyni fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs
(Pétur Magnússon).

Endurgreiðslukrafa vegna meintrar ólöglegrar vöruálagningar eigi tekin til greina.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. janúar 1934: Stefndir, Guðbrandur Magnússon, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins og Ásgeir Ásgeirsson, fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs. skulu vera sýknir af kröfu stefnanda, Lárusar Jóhannessonar, f. h. Guðmundar Þórarinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að *allega*, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum umstefndar kr. 1812,18, með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, en til *vara*, að hin dæmda upphæð verði kr. 1760,55 með 6% ársvöxtum af kr. 47,03 frá 31. dez. 1928 til

31. dez. 1929, kr. 630,32 frá 31. dez. 1929 til 31. dez. 1930, kr. 1167,21 frá 31. dez. 1930 til 31. dez. 1931 og af kr. 1760,55 frá 31. dez. 1931. Er varakrafa þessi miðuð við það, að endurgreiðsla kynni að verða dæmd af andvirði úttektar hans að eins frá 24. ágúst 1928 til 31. dez. 1931. Til þrautavara krefst áfrýjandi, að hin dæmda upphæð verði ákveðin kr. 1703,55 með 6% ársvöxtum af kr. 47,03 frá 31. dez. 1928 til 31. dez. 1929, af kr. 630,32 frá 31. dez. 1929 til 31. dez. 1930, af kr. 1167,21 frá 31. dez. 1930 til 6. nóv. 1931, og af kr. 1703,55 frá 7. nóv. 1931. Er þrautavarakrafan miðuð við það, að honum yrði aðeins dæmd endurgreiðslu af andvirði úttektarinnar frá 24. ágúst 1928 til 6. nóv. 1931. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum réttum.

Hinir stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, að útreikningur áfrýjanda á álagningu Áfengisverzlunar á umræddum tímabilum umfram 75% af kostnaðar- eða útsöluverði sýni eigi of háar tölur, og að hinar umkröfðu upphæðir séu því út af fyrir sig eigi of hátt settar. Ágreiningur aðilja varðar þar á móti það tvennt, *hvort* Áfengisverzlunin hafi verið bundin við ákveðna hundraðstölu við álagningu sína á hin svonefndu Spánarvín, og *hvort* hinum stefndu væri ef svo reyndist, að Áfengisverzluninni hafi verið settar slíkar skorður, skylt að endurgreiða áfrýjanda það af andvirði úttektar hans, er umframálagningunni nemur samkvæmt framangreindum kröfum hans.

Um fyrra atriðið athugast, að 1. gr. laga nr. 62/1921 bannar öllum nema ríkisstjórninni, að

flytja inn í landið áfengi og vínanda, sem í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af alkóhóli að rúmmáli. Eftir 7. gr. sömu laga skal leggja á áfengi þetta 25% — 75% af verði þess, komins í hús að viðbættum tolli og eftir 11. gr. þeirra skal ríkisstjórnin ákveða hámarksverð í smásölu á áfengisvörur þessar. Verður að skilja ákvæði þessi þannig, að í 7. gr. sé átt við álagningu á vörur þessar í heildsölu, en í 11. gr. sé ríkisstjórninni auk þess veitt heimild til álagningar á vörurnar í smásölu. Eftir orðum sínum tekur 1. gr. nefndra laga til hverskonar áfengis, er þá var leyfilegt að flytja inn í landið eða síðar kynni að verða leyfður innflutningur á, enda mátti þá þegar snemma á árinu 1921 búast við því, að ekki yrði komizt hjá því, að leyfa innflutning á vínun frá þeim löndum, þar sem aðalmarkaður fyrir íslenzkan saltfisk var. Með lögum nr. 9/1922, sbr. tilsk. nr. 10 s. á., var svo leyfður, um eitt ár að sinni og síðar með lögum nr. 3/1923 um óákveðinn tíma, innflutningur hinna svonefndu Spánarvína, og í reglugerð nr. 65 frá 18. júlí s. á., er svo ákveðið í 1. gr., að Áfengisverzlun ríkisins, er þá var nýstofnuð, annist um innflutning þeirra vína og í 4. gr., að hún ákveði útsöluverð þeirra, er eigi megi fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði, að viðbættum venjulegum verzlunarhagnaði. Sölutilhögunin var sú, að Áfengisverzlunin lét einstaka menn annast smásöluna á nokkrum tilteknum stöðum á landinu í sínu nafni og á sína ábyrgð gegn $\frac{1}{6}$ af útsöluverðinu, en í Reykjavík rak Áfengisverzlunin smásöluna í eigin nafni. Það er að visu óglöggt hvort ætlazt hefir verið til þess í öndverðu, að verðlagsákvæði 7. og 11. gr. áðurnefndra laga nr. 62/1921 tækju til Spánarvínanna, en gera verður þó ráð fyrir að átt sé við

Þessi álagningarákvæði í hinum áður nefndu óákveðnu ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 65/1922, og að minnsta kosti er þessu nú slegið föstu með lögum nr. 69/1928 svo sem síðar verður vikið að. Álagning á vínin í smásölu var því eigi á tímabilinu 1922—24. ágúst 1928 að lögum bundin við nokkra ákveðna hundraðstölu og samanlögð álagningin í heildsölu og smásölu þess vegna eigi heldur. Samkvæmt þessu hafa þá eigi verið brotin nokkur ákvæði um hámarksálagningu á vín þessi á áfrýjanda til 24. ágúst 1928. Og getur því aðalkrafa hans í máli þessu eigi orðið tekin til greina.

Með lögum nr. 69 frá 7. maí 1928, 2. gr., eru Spánarvínin svonefndu berum orðum tekin undir ákvæði löggjafarinnar um einkaheimild ríkisstjórnarinnar um innflutning á áfengi. Í 1. málsg. 7. gr. og 11. gr. þeirra eru fyrirmæli 7. og 11. gr. laga nr. 62/1921 tekin alls óbreytt að efni til. Á smásölunni utan Reykjavíkur verður þá, sbr. 2. málsg. 7. gr. laga nr. 69/1928, sú breyting, að starfsmenn útsölu- staðanna verða þá starfsmenn Áfengisverzlunarinnar og hún verður nú áfram eigandi vörunnar, þar til hún er seld viðskiptamönnunum. Þótt smásalan færi hér eftir fram beinlínis í nafni Áfengisverzlunarinnar, þá sýnir 11. gr. laga nr. 69/1928 það, að ekki hefir verið tilætlunin að svipta hana heimild til, auk heildsöluálagningarinnar eftir 7. gr. laganna, smásöluálagningar, því að 11. gr. tekur eftir orðum sínum, sem hvorki er heimilt né heldur eðlilegt í þessu sambandi að takmarka við smásölu lækna eða lyfsala á áfengi, sbr. 2. gr. laganna, til hverskonar smásölu, hvort sem ríkið sjálft eða aðrir reka hana.

Reglugerð nr. 67 frá 24. ágúst 1928 5. gr. segir

fyrst, að Áfengisverzlun ákveði „útsöluverð“ vinnanna. Síðan segir, að henni sé heimilt að leggja á þau 25%—75% miðað við verð þeirra kominna í hús í Reykjavík og að tolli meðtöldum. Þessi ákvæði eru að efni til endurtekning af 11. gr. laga nr. 69/1928 (upphafsákvæðið) og 7. gr. sömu laga (síðara ákvæðið), og verður því ekki staðhæft, að þau fari í bága við fyrirmæli þessara greina, enda þótt ákvæðið um smásöluálagninguna sé tekið fyrst og ákvæðið um heildsölu álagninguna á eftir. Smásöluálagningin er því jafnóbundin af hundraðstölu eftir 24. ágúst 1928 og hún var fyrir þann dag. Af áfrýjanda hefir því heldur ekki á tímabilinu frá 24. ágúst 1928—6. nóv. 1931 verið tekið ólöglega hátt verð fyrir vinföng þau, er hann keypti af einu af útibúum Áfengisverzlunarinnar. Og eftir 6. nóv. 1931, er ný reglugerð var sett, þar sem ákvæðið um heildsöluálagninguna er niður fellt úr reglugerðinni 1928, er sama að segja. Smásöluálagning Áfengisverzlunarinnar á Spánarvinin hefir að vísu árin 1929—1931 að því er virðist eftir framkomnum upplýsingum verið mikið hærri en hinn raunverulegi kostnaður við smásöluna hefir numið, en þar sem ríkisstjórnin og Áfengisverzlunin hefir samkvæmt framansögðu haft óbundnar hendur í þessu efni, liggur það fyrir utan valdsvið dómstólanna, að fella úr gildi þessa álagningu að nokkru eða öllu leyti. Leiðir af þessu, að vara- og þrautavarakrafa áfrýjanda verða ekki heldur teknar til greina.

Ber því af framangreindum ástæðum að sýkna hina stefndu af öllum kröfum áfrýjanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinir stefndu, Guðbrandur Magnússon, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins, og Ásgeir Ásgeirsson fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Lárusar Jóhannessonar, f. h. Guðmundar Þórarinssonar, í máli þessu. Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað fyrir gestaréttinum, með stefnu, útgefinni 17. júní f. á., Lárus Jóhannesson hrjmflm., fyrir hönd Guðmundar verzlunarmanns Þórarinssonar á Seyðisfirði, gegn Guðbrandi forstjóra Magnússyni, f. h. Áfengisverzlunar ríkisins, og Ásgeiri Ásgeirssyni, fjármálaráðherra, fyrir hönd rikissjóðs, til greiðslu kröfu að upphæð krónur 1812,18 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 98,66 frá 31. dez. 1928 til 31. dez. 1929, af kr. 681,98 frá 31. dez. 1929 til 31. dez. 1930, af kr. 1218,87 frá 31. dez. 1930 til 31. dez. 1931 og af kr. 1812,18 frá 31. dez. 1931 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Málsástæður kveður stefnandi vera þær, sem nú skal greina:

Samkvæmt lögum nr. 69, 7. maí 1928, sbr. reglugerð nr. 67, 24. ágúst s. á., megi álagning Áfengisverzlunar ríkisins á Spánarvín til útsölu nema 25—75%, miðað við verð þeirra að tolli meðtöldum, þegar þau eru komin í hús í Reykjavík. Við rannsókn, er stefnandi hafi látið fram fara, á reikningum Áfengisverzlunarinnar árin 1928—1931, sem birtir eru í Landsreikningunum, hafi hann komið að þeirri niðurstöðu, að álagning verzlunarinnar á Spánarvín hafi verið mun hærri en heimilt sé. Nemi þessi ólöglega álagning a. m. k. 12,41% árið 1928, 25,05% árið 1929, 28,97% árið 1930 og 33,66% árið 1931, af útsöluverði vínanna.

Telur stefnandi, að viðskiptamenn Áfengisverzlunar-

innar hafi gengið út frá því sem gefnu, er þeir keyptu af henni, að hún heldi sér innan löglegra takmarka með útsöluverð, og þar sem svo hafi ekki reynzt, telji ýmsir þeirra sig eiga kröfu til að fá endurgreitt frá Áfengisverzluninni og/eða ríkissjóði þann mismun, sem verið hafi á útsöluverði vinanna og því verði, sem þau hafi mátt seljast hæst fyrir lögum samkvæmt. Meðal þeirra manna sé umbjóðandi hans, fyrrnefndur Guðmundur Þórarinnsson. Samkvæmt nótum, er stefnandi hefir lagt fram, hafa vínkaup umbjóðanda hans í Útibúi Áfengisverzlunarinnar á Seyðisfirði numið því, sem hér segir:

Frá 1. júní til 31. dez. 1928 kr. 795,00

Árið 1929 — 2328,50

Árið 1930 — 1853,25

Árið 1931 — 1762,75

Kr. 6739,50

Samkvæmt þessu kveður stefnandi ólöglega álagningu verzlunarinnar nema:

Árið 1928 kr. 98,66

Árið 1929 — 583,29

Árið 1930 — 536,89

Árið 1931 — 593,34

eða samt. kr. 1812,18

er kemur heim við hina umstefndu upphæð.

Kveður stefnandi Áfengisverzlunina og ríkissjóð hafa reynzt ófáanleg til að greiða nefnda upphæð og hafi hann því höfðað mál þetta, og sé það rekið hér fyrir gestaréttinum eftir samkomulagi málsaðilja. Hinir stefndu hafa samþykkt gestaréttarmeðferð málsins en krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Til vara hafa þeir krafizt, að endurgreiðsla verði aðeins tildæmd fyrir tímabilið frá 24. ágúst 1928 til 6. nóv. 1931, og loks hafa þeir sérstaklega mótmælt vaxtagreiðslu af kröfupphæðinni fyrr en frá sátta-kæruðegi.

Það er upplýst í málinu og viðurkennt af hinum stefndu, að hin svokallaða *meðalálagning* á Spánarvín, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, hafi eigi numið lægri hundrads-

tölu umfram 75% af kostnaðarverði, á árunum 1928—1931, en stefnandi hefir haldið fram og skýrt er hér á undan. Um mismun þann, sem á álagningunni hefir verið, eftir því hvort vinið hefir verið flutt inn í tunnum eða flöskum verður siðar rætt.

Hinir stefndu byggja sýknukröfu sína meðal annars og einkum á því, að ákvæði 7. gr. l. nr. 69, 7. maí 1928, um 25—75% álagningu á vinanda og áfengi, nái ekki til vína, sem inn eru flutt samkv. l. nr. 3, 4. apríl 1923, þ. e. Spánarvínanna. Ber því, að því er þetta atriði snertir, að taka til athugunar lagaákvæði þau, sem hér að lúta.

Eins og kunnugt er, var aðflutningsbann á áfengi upphaflega leitt í lög, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu með l. nr. 44, 30. júlí 1909. Á ný voru bannlögin gefin út með breytingu, sem lög nr. 91, 14. nóv. 1917. Undanþágur nokkrar voru frá upphafi leyfðar í lögum. Þannig var heimilt samkv. 1. og 2. gr. l. nr. 91 frá 1917 að flytja til landsins áfengi til iðnaðar og verklegra nota, áfengi til lækninga, messuvín og vinanda til eldneysis. Ennfremur höfðu ræðismenn erlendra ríkja sérstaka heimild til innflutnings áfengis samkv. sömu greinum. Er það ljóst, enda alkunnugt, að á því áfengi einu var leyfður innflutningur, sem óhjákvæmilegt þótti vegna sérstakra nauðsynja, og þess gætt, meðal annars með ströngum refsíákvæðum, að undanþágurnar skertu sem minnst tilgang þann, sem ná átti með bannlögum.

Með lögum nr. 62 frá 27. júní 1921 var stofnuð ríkiseinkasala á áfengi og ríkisstjórninni einni heimilað að flytja til landsins vinanda þann og áfengi, sem heimilt var að flytja inn samkv. bannlögum frá 1917, þó að undanteknu áfengi því, sem ræðismenn höfðu heimild til að flytja inn. Í 7. gr. einkasölulaganna er svo ákveðið: „Að vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess, komins í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi og önnur lyf, er verzlunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar“. Álagningarákvæði 7. gr. áttu einungis við heildsöluverð enda segir í 11. gr. laganna svo: „Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, sem ræðir um í lögum“.

Á Alþingi 1922 bar ríkisstjórnin fram frumvarp til laga

um að undanþýggja vín, sem ekki er í meira en 21% af vinnanda að rúmmáli, ákvæðum aðflutningsbannlaganna frá 1917, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Tekur stjórnin það fram í greinargerð frumvarpsins, að það sé flutt vegna þess, að spanska stjórnin hafi sagt upp verzlunarsamningunum við Ísland og geri að skilyrði fyrir endurnýjun hans, að lögin um aðflutningsbann á áfengi verði afnumin um sölu spanskra vína, sem ekki hefðu meiri áfengisstyrkleika en 21%. Hafi ráðuneytið ekki séð sér annað fært en að láta undan þessari nauðsyn vegna sjávarútvegsins og fjárhags landsins, þótt það væri sannfært um, að æskilegt væri og heppilegast, að bannlögin héldust óbreytt.

Frumvarpið fór til þingnefndar og bar hún síðan fram nýtt frumvarp í hins stað, um að ákveða mætti undanþáguna með kgl. tilskipun um eitt ár. Var nefndin sammála um það, að undanþágan yrði að vera leyfð vegna þeirrar þvingunar, sem felist í uppsögn verzlunarsamninganna af hálfu Spánverja. Hinsvegar tekur hún það fram, að henni sé ekki að skapi að bera fram frumvarp um þetta, og að „jafnvel andbanningum muni ekki vera ljúft að hrófla við bannlögunum með þessum hætti“, en að á hinn bóginn hafi jafnvel bannmönnum verið það ljóst, að hjá því yrði ekki komið, eins og á stæði.

Ofangreint frumvarp nefndarinnar var samþykkt sem lög frá Alþingi nr. 9, 31. maí 1922 og var kgl. tilsk. um undanþáguna gefin út sama dag. Árið 1923 voru svo á Alþingi samþykkt lög nr. 3 frá 4. apríl s. á., sem eru að efni til samhljóða kgl. tilsk. frá 31. maí 1922. Eru þau lög enn í gildi.

Í 2. gr. tilsk. 1922 og í 2. gr. 1. nr. 3/1923 segir svo um sölu Spánarvínanna: „Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vinnanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna“.

Hinn 18. júlí 1922 var sett reglugerð (nr. 65) um sölu og veitingar vína, sem má flytja til landsins samkv. tilsk. frá 31. maí 1922. Í 1. gr. reglug. er Áfengisverzlun ríkisins falið að annast innflutning vinnanna og í 2. gr. er henni falið að annast sölu vinnanna eftir því, sem nánara sé á-

kveðið í reglugerðinni og gildandi lögum. Í 4. gr. reglug. er svofellt ákvæði: „Áfengisverzlunin ákveður útsöluverð vína, skal það ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði, að viðbættum venjulegum verzlunarhagnaði. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverð“.

Stefnandi þessa máls heldur því nú fram, að innflutningur Spánarvínanna hafi af sjálfu sér fallið undir áfengiseinkasölulögin frá 27. júní 1921, enda hafi einkasölunni verið falinn innflutningur þeirra. Telur hann reglugerðina frá 18. júlí 1922 vera bæði setta samkv. einkasölulögnum frá 1921 og undanþágutilskipuninni frá 1922 og nái því ákvæðið í 7. gr. einkasölulaganna frá 1921, um 25—75% álagningu í heildsölu til Spánarvínanna. Sé sú grein fortakslaus og nái til alls áfengis, sem til landsins sé flutt, meðan hún sé í gildi. Hafi einnig verið nauðsynlegt að hafa lagaákvæði um ákveðna hámarksálagningu til að tryggja hag neytendanna.

Á þessa röksemdaleiðslu stefnanda getur rétturinn ekki fallið. Áfengiseinkasalan er upphaflega sett á stofn áður en Spánarvínundanþágan kemur til sögunnar eins og fyrr segir, og í því skyni að hafa á hendi innflutning og sölu áfengis til iðnaðar, lyfja o. s. frv., sem jafnan þótti nauðsyn að til landsins væri flutt, þrátt fyrir ríkjandi bannlagastefnu. Mun hafa þótt öruggara vegna bannlagagæzlunnar, að ríkið annaðist innflutninginn en ekki þeir sjálfir, er vörunnar þurftu, iðnaðarmenn, lyfsalar, lækningar og aðrir. Álagningarákvæði einkasölulaganna er miðað við þetta áfengi eitt, er inn var flutt sem óhákvæmileg nauðsynjara.

Til þess að Spánarvínin, sem síðar voru leyfð með sér-lögum, féllu einnig undir nefnt álagningarákvæði, verður ekki betur séð, en að þurft hefði sérstaka tilvísun í lögum nr. 9 frá 31. maí 1922 eða tilsk. nr. 10 frá sama degi til nefndra ákvæða einkasölulaganna. En því fer svo fjarri að það sé gert, að þvert á móti er sett ákvæði í 2. gr. tilsk. 31. maí 1922, þar sem það er lagt á vald ráðherra að setja ákvæði með reglugerð til varnar misbrúkun við sölu og veitingu vínanna og honum sett þau ein takmörk að ákvæðin megi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Þegar athugað er tilorðning og allar ástæður við setningu

undanþágulaganna verður þetta og mjög vel skiljanlegt. Af hér að lútandi greinargerðum og umræðum á Alþingi 1922 er það ljóst, að Alþingi samþykkir lögin nauðugt og eingöngu vegna þess, hversu mikið var í húfi annarsvegar um framleiðslu og fjárhag landsins. Á þessum tíma var vinbannsstefnan mjög ríkjandi og ekki annað vitað, en að hún hefði fylgi meiri hluta þjóðarinnar. Það kemur svo skýrt fram, sem verða má í tilvísaðri 2. gr. tilsk. 1922 (síðar í l. nr. 3, 4. apríl 1923) að fyrir Alþingi hefir vakað annarsvegur tillitið til hinnar spönsku viðskiptaþjóðar vorrar, að undanþágan yrði ekki gerð að engu með ströngum sölu- og álagningarákvæðum, og hinsvegar að undanþágan skerti sem minnst gildandi aðflutningsbannlög og bannlagastefnu. Spánarvinin voru og aðallega flutt inn til munadarneyzlu, og eru það enn í dag, en áfengi það, sem áður var leyfður innflutningur á, til nauðsynlegrar notkunar, og var því óeðlilegt að sama álagning væri viðhöfð. Í reglugerðinni frá 18. júlí 1922 er það tekið fram, í fyrir-sögn hennar, að hún sé sett samkv. tilsk. nr. 10 frá 31. maí 1922 en hvergi vitnað í einkasölulögin frá 1921 og er ekkert í reglugerðinni, sem ekki hefir stoð í tilskipuninni. Þá starfandi ríkisstofnun, Áfengisverzlun ríkisins, var falið að annast um innflutning og sölu vinnanna og í 4. gr. reglug. lagt á vald Áfengisverzlunarinnar, að ákveða útsöluverð vinnna og henni sett þau ein takmörk, að það skuli ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði að viðbættum venjulegum verzlunarhagnaði. Hvað venjuleg verzlunar-álagning mundi vera á vinnu með hliðstjón af álagningu á aðrar nautnavörur, verður ekki athugað hér, þar eð aðeins er spurning um það, hvort Spánarvinin falli undir ákvæði 7. gr. einkasölulaganna 1921 um 25—75% álagningu.

Áður en lengra er farið er rétt að geta þess, að árið 1925 er gerð breyting á aðflutningsbannlögunum frá 1917 og lögin gefin út á ný sem l. nr. 15, 8. júní 1925. Í bannlögunum er ekki leyfður innflutningur á öðru áfengi en því, sem heimilt var að flytja inn samkvæmt lögunum frá 1917. Spánarvinsundanþágan er ekki nefnd á nafn. Með 23. gr. þessara laga eru öll ákvæði, sem fara í bága við ákvæði þeirra úr gildi numin. Ef Spánarvinsundanþágan hefði verið einn liður í hinni almennu áfengislöggjöf, hefði hún þar með fallið niður. En að svo var ekki, kem-

ur til af því, að lögin um undanþáguna nr. 3/1923, eru sérlæg, óháð almennu áfengislöggjöfnni, og er því ekki heimilt að beita ákvæðum hennar, hvorki aðflutningsbannlaganna sjálfra né einkasölulaganna frá 1921, við þau nema skýr rök liggi til þess.

Eins og áður er sagt höfðu lög nr. 3/1923 sérákvæði um tilhögun álagningar á Spánarvínin, óháð 7. gr. einkasölulaganna nr. 62/1921. Um álagningu á Spánarvínin fyrstu árin eftir að undanþágan kom í gildi, er ekki upplýst í þessu máli, en samkvæmt skýrslu löggilts endurskoðanda um athugun á meðalálagningu Áfengisverzlunar ríkisins árið 1925, hefir hún numið 121,25% miðað við verð vinnanna kominna í hús. Sé hinsvegar talinn til innkaupsverðs sá kostnaður, sem á fellur frá því varan er komin í hús hér og þar til hún er komin í söluhæft ástand, hefir meðalálagning numið þetta ár 100,4—105,38%. Fyrir árið 1926 hefir engin slík athugun verið gerð, en árið 1927 nemur meðalálagning, samkv. skýrslu sama endurskoðanda 130,22% miðað við verð vinnanna kominna í hús í Reykjavík, en 106,99% sé tekið tillit til innkaupskostnaðar, svo sem vinnubúðir, átöppun o. þ. h.

Þess skal getið, að á Alþingi 1925 var af 2 þingmönnum flutt frumvarp til laga um breytingu á áfengiseinkasölulögunum frá 1921, sem ekki varð að lögum. Í greinargerð frumvarps þessa og sömuleiðis í þingræðu annars flutningsmannsins kemur fram það álit, að álagning á spánarvínin sé bundin við ákvæði nefndra einkasölulaga, en eins og hér að framan segir fær það ekki staðigt. Breyting sú, sem gerð var á 4. gr. og 7. gr. áfengiseinkasölulaganna með l. nr. 36, 31. maí 1927 og fólgin var í því, að veita sjúkrahúsum sama rétt og læknum um lyf og hjúkrunargögn en bannar að sjúkrahúsum sé selt vín og vinnandi, styrkir engan vegin skoðun stefnanda í þessu máli, nema síður sé, þar sem nefnt bann tekur vitanlega aðeins til þess áfengis, sem einkasölulögin fjalla um en ekki til spánarvinnanna.

Árið 1928 er almenna áfengislöggjöfin, aðflutningsbannlögin og einkasölulögin, endurnýjuð, en sérlögin, nr. 3/1923, um spánarvinsundanþáguna látin haldast.

Lögin um einkasölu á áfengi nr. 69, frá 7. maí 1928 hafa svofelt ákvæði í annari gr.: „Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr. og 2. gr. áfengislaganna, sbr. lög

nr. 3, 4. apríl 1923 selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rétt hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er lög heimila“. Í 7. gr. laganna er svo tekið upp óbreytt ákvæði 7. gr. áfengiseinkasölulaganna nr. 62/1921, um 25—75% álagningu og í 11. gr. þeirra er tekið upp ákvæði 11. gr. laganna frá 1921, um að ríkisstjórnin ráði smásöluverði.

Stefnandi heldur því nú fram, að með orðunum í 2. gr.: „sbr. lög nr. 3, 4. apríl 1923“, séu spánarvinin heimfærð undir ákvæði 7. gr. um álagningu, þótt svo hefði ekki verið áður.

Til þess að svo verði álitid, þyrfti nýnefnd tilvitnun í 2. gr. að vera nægur grundvöllur til þess að breyta ákvæðum 2. gr. l. nr. 3/1923, um álagningartilhögunina. Af bókstafsskýringu einni saman á 2. gr. l. 69/1928 verður þetta þó eigi ráðið. Til þess að skýring stefnanda væri örugg hefði þurft að standa „1. gr. og 2. gr. áfengislaganna og lögum nr. 3, 4. apríl 1923“. Nú stendur aðeins í 2. gr. *sbr.* og er ekki unnt að ráða með neinni vissu af sjálfum tekstalaganna í hvaða tilgangi þessi samanburður er gerður, hvort orðið „sbr.“ hefir neikvæða þýðingu eins og *sbr. þó*“ eða jákvæða merkingu svo sem „einnig“. Við athugun á setningu laga nr. 69/1928 kemur hinsvegar skýrt fram, að umrædd tilvitnun í 2. gr. er ekki sett í þeim tilgangi að heimfæra spánarvinin undir álagningarákvæði 7. gr. Í hinu upphaflega frumvarpi ríkisstjórnarinnar til áfengiseinkasölulaganna 1928 er þessi tilvitnun ekki. Hún er sett inn í frumvarpið samkv. tillögu allsherjarnefndar Efri deildar Alþingis og gerði framsögumaður nefndarinnar þá grein fyrir því, að þetta megí „nánast skoða sem leiðréttingu, því að sjálfsagt er að vitnað sé til þeirra laga sem nú gilda um meðferð áfengis“ (Alpt. 1928 B. dalkur 4768). Í þessari sömu framsöguræðu kemst framsögumaðurinn svo að orði út af því, að í 7. gr. stjórnarfrv. var ákvæði um að álagningin skyldi vera 50—100%, er allsherjarnefnd gerði tillögu um að væri færð niður í 25—75%, eins og verið hafði í 7. gr. áfengiseinkasölulaganna frá 1921:

„Þá er 5. brtt. við 7. gr., um að í staðinn fyrir 50—100% komi 25—75%. Um þetta varð einnig nokkur ágreiningur. Var að visu upplýst í nefndinni, að vinsalan væri ekki bundin við hámarksálagningu, en hinsvegar töldu sumir nefndarmenn varhugavert að breyta þessu, eins og farið

er fram á i frv., því slíkt mætti skoða sem heftingu á sölu vínanna. Varð því að samkomulagi, með því að stjórnin væri ekki bundin við þessa tölu, að láta þetta ákvæði standa eins og það er í gildandi lögum“. (Alþt. 1928 B. dálkur 4769).

Gegn þessari skýringu framsögumanns komu engin andmæli fram á Alþingi, hvorki frá samnefndarmönnum hans í allsherjarnefnd né öðrum. Er því auðsætt, að tilvitnunin er ekki komin inn í lögin til þess að binda hendur ríkisstjórnarinnar né Áfengisverzlunarinnar um ákveðna hámarksálagningu á spánarvínin. Og þar sem lögin eru ekki heldur þannig orðuð, að þau, skoðuð út af fyrir sig, bindi álagninguna við ákvæði oftnefndrar 7. gr., þá verður ekki fallizt á gagnstæða skýringu stefnanda um þetta atriði.

Þar eð undanþágulögin nr. 3/1923 og áfengiseinkasölulögin nr. 69/1928 eru enn í gildi, verður niðurstaða réttarins sú, eins og skýrt er frá hér að framan, að alla tíð, frá því að spánarvínaundanþágan kom í gildi og til þessa dags, hafi ríkisstjórnin og Áfengisverzlun ríkisins verið óbundin að lögum um hámarksálagningu á spánarvínin að öðru leyti en því, að álagningin mátti ekki vera þannig löguð, að hún gerði undanþáguna að engu, eins og komizt er að orði í 2. gr. laga nr. 3/1923.

Með lögum nr. 64, 7. maí 1928 eru endurnýjuð lögin um aðflutningsbann á áfengi. Í 45. gr. þeirra segir svo: „Vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu, heimilisnotkun og flutning um landið. ... Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð ... um varnir gegn misbrúkum við sölu þeirra og veitingu. Samkv. nefndri 45. gr. var sett reglugerð nr. 67, 24. ág. 1928 um varnir gegn misbrúkum við sölu og veitingu þeirra vína er ræðir um í lögum nr. 3, 4. apríl 1923, og var þá jafnframt reglugerð nr. 65, 18. júlí 1922, um sama efni, numin úr gildi.

Samkv. 2. og 3. gr. hinnar nýju reglugerðar á Áfengisverzlun ríkisins, eins og áður hafði verið, að flytja inn og selja vínin, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugerðinni og gildandi lögum.

4. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Áfengisverzlunin selur vínin þeim, er hér segir:

1. Veitingastöðum, sem veita mega vinin samkv. reglugerðinni.

2. Læknum, er rétt hafa til lyfjasölu og lyfsölum, þó aðeins þau vin, sem talin eru á lyfjaskrá og aðeins til lyfja“.

Eins og af þessu má sjá er hér ekki minnst á aðra sölu en heildsölu og er það í samræmi við það. að gerður er greinarmunur á Áfengisverzluninni sjálfri og útbúum hennar, sem önnuðust smásöluna.

5. gr. reglugerðarinnar er orðuð þannig:

Áfengisverzlunin ákveður útsöluverð vínanna. Er henni heimilt að leggja 25—75% á þau, miðað við verð þeirra að tolli meðtöldum þegar þau eru komin í hús í Reykjavík. Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverð“.

Í reglugerðinni frá 1922 var álagningarháðin ekki tiltekin með tölum en sagt að útsöluverð vínanna skyldi ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði að viðbættum venjulegum verzlunarhagnaði, svo sem áður er sagt.

Það virðist nú liggja í augum uppi, að reglugerðargjafinn 1928 hafi við setningu 5. gr. hennar blandað saman ákvæðunum um álagningu á spánarvin og ákvæðum 7. gr. áfengiseinkasölulaganna frá sama ári, en eins og þessi grein á aðeins við álagningu í heildsölu, sbr. 11. gr. sömu laga, sbr. og áður 7. og 11. gr. laga nr. 62/1921, eins verður að álita, að nefnt ákvæði 5. gr. reglugerðarinnar sé aðeins sett með heildsölu fyrir augum og styðst það einnig við 4. gr., reglug., sem aðeins mælir fyrir um heildsölu Áfengisverzlunarinnar á vínunum.

Þar eð vínkaup þau, sem í þessu máli ræðir um, eru öll gerð í smásölu verður að telja, að nefnd álagningarákvæði 5. gr. nái ekki til þeirra kaupa, en að útsöluverðið. sem greint hefir verið á hverri flösku, feli í sér auk heildsölu-álagningarinnar verðframsærslu í smásölu. Kemur því ekki til athugunar hér, hvort það gæti skapað viðskiptamönnum útibús Áfengisverzlunarinnar nokkurn endurgreiðslurétt, þótt ákveðið hefði verið af Áfengisverzluninni hærra verð á vínunum, en ráðherra hefði mælt fyrir um í reglugerð, án þess þó að vera bundinn af lögum um hámarkið.

Að lokum skal þess getið, að samkvæmt skýrslum fram-

angreinds löggilts endurskoðanda hefir meðalálagning Áfengisverzlunarinnar á spánarvíninum. sem seld hafa verið á árunum 1928—1930 numið því, sem hér segir:

1. Ef miðað er við verð vinnanna komið í hús hefir álagningin verið 1928 ca. 133,89%, 1929 ca. 161,82% og 1930 175,61%.

2. Ef miðað er hinsvegar við ofanskráð verð, að viðbættum kostnaði við að gera vinnu söluhæf (umbúðir, áhöppun o. fl.) hefir álagningin verið:

1928 ca. 110,86%, 1929 137,30% og 1930 148,11%.

Útsöluverð hefir að mestu haldist það sama, en álagning hækkað hlutfallslega sökum ódýrari innkaupa og þess, að meira hefir verið flutt inn óaftappað í flöskur.

Samkvæmt skýrslu sama endurskoðanda kemur það fram, að þegar vinnu er flutt inn á flöskum hefir álagningin í mörgum tilfellum orðið undir 75%. Þar eð ekkert er upplýst um það í málinu hvort vinnu það, sem umbjóðandi stefnanda hefir keypt og stefnt út af í máli þessu, hefir verið flutt inn í flöskum eða tunnum, þá sýnist einnig af þessari ástæðu skorta skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Niðurstaða málsins hér fyrir réttinum verður því sú, með skirskotun til framanritaðs, að sýkna beri hina stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. apríl 1934.

Nr. 73/1933. Leonhard Sæmundsson

gegn

Ermenreki Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Leonhard Sæmundsson, er eigi mætir í málinu greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.